

## Samþykktir

### **1. gr.**

Félagið heitir Hliðskjálfr, félag um opin og frjáls landupplýsingagögn.

### **2. gr.**

Heimili félagsins og varnarþing er lögheimili formanns félagsins.

### **3. gr.**

Tilgangur félagsins er að vera í forsvari fyrir málstað opinna og frjálsra landupplýsingagagna.

### **4. gr.**

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með almennum kynningum á málstaðnum ásamt samskiptum við hið opinbera og aðra aðila eftir því sem þörf er á.

### **5. gr.**

Rétt á að ganga í félagið eiga allir, bæði einstaklingar og lögaðilar, sem eru hlyntir markmiðum þess. Skráning í félagið skal ætíð vera í boði.

### **6. gr.**

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn hafa atkvæðisrétt á aðalfundi en allir skulu hafa málfrelsi og tillögurétt.

### **7. gr.**

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. júní ár hvert og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti, sem meðal annars telst sem tilkynning send á netföng félagsmanna. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Ef aðalfundur telst ekki löglega boðaður skal boða til nýs aðalfundar að viku liðinni.

Heimilt er að leyfa félagsmönnum að taka þátt í aðalfundarstörfum og greiða atkvæði með rafrænum hætti. Þátttaka með rafrænum hætti telst mæting. Stjórn setur nánari reglur um framkvæmd rafrænna kosninga. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Önnur mál

### **8. gr.**

Stjórn félagsins skal skipuð 3 félagsmönnum, formanni og 2 meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til stjórnarfunda. Firmaritun og prókúra er í höndum meirihluta stjórnar.

### **9. gr.**

Ákvörðun um félagsgjald skal tekin á aðalfundi. Greiðsla þeirra skal vera valkvæð. Félaginu er heimilt að taka við frjálsum framlögum ásamt því að standa í sölu á vöru eða þjónustu í þeim

tilgangi að fjármagna starfsemi þess.

**10. gr.**

Rekstrarafgangi af starfsemi félagsins skal varið í samræmi við tilgang félagsins. Sé hann ekki allur nýttur á einu starfstímabili skal afgangurinn flytjast yfir á það næsta.

**11. gr.**

Lagabreytingar skulu eingöngu eiga sér stað á aðalfundi. Tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórn félagsins 10 dögum fyrir aðalfund. Þær skulu sendar félagsmönnum í tölvupósti með minnst viku fyrirvara fyrir aðalfund. Þær skulu eingöngu teljast samþykktar ef þær teljast löglega kynntar og hljóta 2/3 hluta atkvæða þeirra félagsmanna sem mættir eru á löglegan aðalfund.

**12. gr.**

Ákvörðun um slit félagsins verður eingöngu tekin á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða. Skulu eignir þess að frádregnum skuldum vera færðar til Félags um stafrænt frelsi á Íslandi til varðveislu þar til annað félag er stofnað sem telst vera sannarlegur arftaki félagsins eða notkunar samkvæmt tilgangi þeim sem kveðið er á um í þessum lögum.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi félagsins.

Dagsetning: 24.10.2013.

*Fyrir hönd stofnfundar,  
stjórn félagsins:*

Formaður

Lögheimili:

---

Kennitala:

---

Meðstjórnandi

Lögheimili:

---

Kennitala:

---

Meðstjórnandi

Lögheimili:

---

Kennitala:

---